

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 102/2018

frá 27. apríl 2018

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 66.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/56/ESB frá 16. apríl 2014 um breytingu á tilskipun 2006/43/EB um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila ⁽²⁾.
- 3) Svo framkvæmd EES-samningsins sé sem skyldi ber að breyta bókun 37 við EES-samninginn þannig að hann taki til Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda (CEAOB) sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 537/2014, og ber að breyta XII. viðauka við EES-samninginn í því skyni að tilgreina reglurnar um samskipti við nefndina.
- 4) XXII. viðauki og bókun 37 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 10f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB):

„– **32014 L 0056:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/56/ESB frá 16. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 196).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 196.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 3. mgr. gr. 30c gilda orðin „eins og mælt er fyrir um í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi“ ekki að því er varðar EFTA-ríkin.“

2. Eftirfarandi texta er bætt við á eftir lið 10i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB):

„10j. **32014 R 0537**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 66.

Tilhögun samstarfs EFTA-ríkjanna í samræmi við 101. gr. sammingsins:

Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna sem vísað er til í 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB skulu hafa rétt til þess að taka fullan þátt í Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda (CEAOB), með sömu skilyrðum og lögbær yfirvöld aðildarríkja ESB, þó án atkvæðisréttar. Aðilar frá EFTA-ríkjunum eiga ekki rétt á að gegna formennsku í CEAOB, skv. 6. mgr. 30. gr.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað orðanna „löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf“ koma orðin „EES-samningurinn eða landslöggjöf“ og í stað orðanna „lög Sambandsins eða landslög“ koma orðin „EES-samningurinn eða landslög“.

b) Í 41. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

i) „17. júní 2020“ orðast „sex árum frá gildistöku egi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2018 frá 27. apríl 2018“;

ii) „17. júní 2023“ orðast „níu árum frá gildistöku egi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2018 frá 27. apríl 2018“;

iii) „16. júní 2014“ orðast „gildistöku egi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2018 frá 27. apríl 2018“;

iv) „miðað við 17. júní 2016“ orðast „tvö ár frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2018 frá 27. apríl 2018“.

c) Í 44. gr. orðast „17. júní 2017“ sem „einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2018 frá 27. apríl 2018“, að því er EFTA-ríkin varðar.“

2. gr.

Eftirfarandi málsgrein er bætt við 7. gr. bókunar 37 við EES-samninginn:

„40. Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda (CEAOB) (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 66, og tilskipunar 2014/56/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. apríl 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.